

Fundarnúmer:	102
Dagsetning:	14.08.2008
Tími:	16:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

102. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 14. ágúst 2008 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Umsóknir um stöðu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
2. Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram lagðar umsóknir um stöðu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra. Umsóknir bárust frá eftirtöldum:

Bergnýju Jónu Sævarsdóttur.

Einari Þorbergssyni.

Guðmundi Helga Helgasyni.

Sigurði Þór Ágústssyni.

Fræðsluráð metur allar umsóknirnar gildar og alla umsækjendur hæfa.

Fræðsluráð mælir með því við sveitarstjórn að Bergný Jóna Sævarsdóttir og Sigurður Þór Ágústsson verði boðuð í starfsviðtöl vegna ráðningar í stöðu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.

2. Ágúst F. Jakobsson, skólastjóri gerði grein fyrir stöðu starfsmannamála. Skólastjóri greindi frá því að endurskoðun skólanámskrár stendur yfir og verður hún kynnt fræðsluráði innan tíðar. Kennarar skólans komu til starfa í dag að loknu sumarleyfi og kennsla mun hefjast samkvæmt stundaská þann 25. ágúst nk. 162 nemendur eru skráðir í skólann við upphaf skólaársins.

Af hálfu grunnskóla sóttu fundinn Ágúst F. Jakobsson og Ragnheiður Sveinsdóttir. Kristín Eggertsdóttir sótti fundinn f.h. foreldraráðs Grunnskóla Húnaþings vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:00

Gísli Már Arnarson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Elín Jóna Rósinberg(sign.), Gunnar Þorgeirsson(sign.),
Guðmundur Ísfeld(sign.), Guðrún Elín Benónýsdóttir(sign.).